

Ár 1990, fimmtudaginn 11. október, var í málinu nr. 2/1990 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svo hljóðandi

ÚRSKURÐUR:

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 6. mars 1990 fóru bændurnir Kristinn Jónsson, Skarði, Ólafur Eggertsson, Manheimum og Trausti Bjarnason, Á, allir í Skarðshreppi í Dalasýslu, þess á leit við Yfirfasteignamatsnefnd, að hún breytti skiptingu á fasteignamati hlunninda af lax- og silungsveiði í Krossá í Dalasýslu frá úrskurði Fasteignamats ríkisins dags. 26.02. 1990.

Fasteignamat hlunnindanna, sem tók gildi þann 1.12. 1989, er kr. 5.762.000.-. Ekki er deilt um fjárhæð þessa.

Samkvæmt arðskrá staðfestri af landbúnaðarráðuneytinu þann 30. janúar 1989 skal hlunnindamatið skiptast þannig: Skarð 36 %, Á 30 %, Geirmundarstaðir 1 %, Frakkanes 2 % og Kross 31 %. Ekki er óskað breytinga á hlutdeild þriggja síðast greindu jarðanna, sem eiga sameiginlega 34 %. Samkvæmt arðskránni eiga Skarð og Á samtals 66 % og er óskað eftir, að sú hlutdeild skiptist þannig: Skarð 33 %, Á 16,5 % og Manheimar 16,5 %.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 76/1970 um arðskrá, þykir mega taka til greina kröfu framangreindra kæranda um breytingu á hlutdeild þeirra í fasteignamati veiðihlunninda árlinnar Krossár í Skarðshreppi í Dalasýslu með eftirgreindum rökstuðningi:


- 1) Allir aðilar, sem breytingin varðar hafa óskað eftir henni skriflega.
- 2) Breytingin er í samræmi við þinglýst afsöl til kæranda, sbr. lög nr. 94/1976, 2. gr. síðari málsgrein.
- 3) Breytingin styðst við margra ára framkvæmd kæranda við skiptingu arðsins af Krossá.

Samkvæmt framanrituðu er fallist á kröfu kæranda um skiptingu á fasteignamati hlunninda af lax- og silungsveiði í Krossá í Skarðshreppi í Dalasýslu.


ÚRSKURÐARORÐ:

Skipting á fasteignamati lax- og silungsveiðihlunninda í Krossá í Skarðshreppi í Dalasýslu varðandi framangreindar jarðir skal vera sem hér segir miðað við fasteignaskrá þá er út var gefin þann 1.12.1989:


Skarð 33 % af heildarmati, eða kr. 1.901.460.-, Manheimar 16,5 % af heildarmati, eða kr. 950.730.- og Á 16,5 % af heildar mati, eða kr. 950.730.-.



Pétur Stefánsson



Arni Stefánsson



Guðmundur Magnússon